

Reynslusaga leikskólastjóra

Stuðningur við starfsmann með kvíða

Það koma oft upp aðstæður í leikskólanum að bregðast þarf við með skjótum hætti.

Ég læt liggja á milli hluta af hverju við þurftum starfsmann á þessum tímapunkti en í neyð minni leitaði ég til atvinnumiðlunar sem hafði með ungt fólk í atvinnuleit að gera. Ég bar erindi mitt upp við forstöðumanninn sem sendi mér sitt besta fólk í starfsviðtal.

Þar með hófst atburðarásin. Ég valdi úr þessum hópi unga stúlku sem hafði hvorki menntun né reynslu af starfi úr leikskóla en ég fann að hún hafði margt til brunns að bera og ég gæti alltaf hvatt hana til að afla sér aukinnar þekkingar.

Unga stúlkan mætti til vinnu og sýndi fljótlega að hún bjó yfir ýmsum hæfileikum sem við óskum eftir frá þeim sem starfa með börnum. Ég setti mig í samband við framhaldsskóla þar sem nám á leikskólabraut var að fara í gang. Umsjónarmaður námsins ræddi við ungu stúlkuna, sem við skulum kalla Hjördísi, og hvatti hana til að velja sér tvö fög og fyrir það fengi hún einingar sem kæmu henni til góða þegar fram liðu stundir. Hjördís byrjaði í skólanum stuttu eftir að hafa byrjað hér, auk þess sendi ég hana á námskeið varðandi það verkefni sem hún var ráðin til svo nóg var að gera.

Sagði frá kvíðanum

Fljótlega eftir að Hjördís hóf hér störf óskaði hún eftir viðtali við mig. Þar tjáði hún mér að hún væri að glíma við mikinn kvíða en væri í meðferð hjá góðum sálfræðingi sem héldi utan um hana.

Í leikskóla er alltaf mikið að gera og hluti af starfinu er að bregðast við alls konar aðstæðum. Tvennt var í stöðunni þegar hún sagði mér frá kvíðanum; ég gæti sýnt henni mikla hluttekningu og þá jafnvel aukið á veikleika hennar eða reynt að herða hana. Ég tók þá ákvörðun að velja síðari kostinn. Þar sem hún sat á móti mér þurfti ég að vera fljót að hugsa og ég ákvað að deila með henni sögu af konu sem ég þekkti vel og hafði við svipuð vandamál að glíma. Þessi kona er vel menntuð, er í góðu starfi og hún glímir við veikleika sinn án þess að nokkur í kringum hana hafi minnsta grun um vanlíðan hennar. Það sem ég lagði til við Hjördísi var að við skyldum vinna saman að því að þrátt fyrir kvíðann gæti hún samt sem áður komið til vinnu.

Ég reyndi að sannfæra hana um að lífið væri þannig að við hefðum öll okkar veikleika og ef við ætluðum okkur að vera þátttakendur í samfélaginu þá væri einungis ein staða uppi og það væri að styrkja veikleikana.

Treysti sér ekki til að mæta

Hjördís hentaði vel í starfið og sýndi mikið frumkvæði. En svo kom að því að hún hringdi til að tilkynna mér að henni liði ekki vel og treysti sér ekki til að koma í vinnuna. Þetta kom fyrir reglulega. Á milli þess þá ræddi ég við hana um hvað og hvernig ég teldi að gott væri að bregðast við og minnka þar með líkurnar á að hún gæti ekki komið í vinnu. Til að skýra þetta nánar þá lagði ég til við hana að reyna að herða sig og koma í vinnuna og sagði kannski: „*Sjáðu til hvernig þú verður eftir tvo tíma, komdu þá í vinnuna ef þú getur.*“ Við reyndum einnig, ég og deildastjórinn hennar, að nota hvatningu með orðum sem gat falist í allskonar jákvæðum athugasemdum.

Til að sýna fram á hvað við erum ólík þá sagði hún mér að eftir starfsmannafundi þá þyrmdi yfir hana yfir öllum þeim verkefnum sem við áttum að vinna og það kæmi á stað miklum kvíða yfir öllu sem var þá ógert.

Ég fór að hvetja hana til að láta mig vita nákvæmlega hvernig henni liði svo ég gæti með einhverjum hætti reynt að setja mig inn í aðstæður hennar. Suma daga sagði ég við hana ef henni leið illa: „*Láttu á það reyna að lengja í deginum þó vanlíðanin sé til staðar.*“

Það hefði aldrei gengið upp ef ég hefði þurft að vaka yfir velferð hennar allan daginn alla daga. Ég reyndi aftur á móti að taka á kvíða hennar og vanlíðan þegar slíkt kom upp. Ég notaði hrós þegar tækifæri gafst og sýndi henni oft fram á hve mikils virði hún væri í starfi.

Eftir 7-8 mánuði var orðin mikil breyting til batnaðar

Eftir um það bil sjö til átta mánuði sá ég verulega breytingu til batnaðar á persónu Hjördísar. Hér var ung kona, sem hafði margt til brunns að bera, farin að láta sig dreyma um starf sem hún var búin að tjá mér að sig langaði til að vinna við. Ég vildi ógjarnan missa hana en ég gat þó samglaðst henni og var þakklát deildastjóranum hennar hver vel hún hafði stutt hana.

Eftir að hafa unnið hér í meira en ár þá fékk Hjördís starfið sem hana hafði dreymt um og unir glöð við sitt um þessar mundir.